

## 5. BEKKUR

### VETURINN 2009- 2010



#### Ágætu foreldrar og forráðamenn

Við bjóðum ykkur velkomin til samstarfs í vetur. Skólagangan er stór þáttur í lífi allra barna og það skiptir miklu máli að þeim líði vel í skólanum. Góð samvinna heimila og skóla stuðlar að vellíðan og árangri nemenda. Því viljum við eindregið hvetja foreldra/forráðamenn til að fylgjast vel með náminu. Ef eitthvað er óljóst hvetjum við ykkur til að hafa samband, verið ófeimin við að senda okkur tölvupóst eða hringja og þið eruð alltaf velkomin í skólann. Mikilvægt er að ræða um skólastarfið við börnin á jákvæðan hátt.

Áfram verður áhersla á einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Nemendum er ætlað að bera meiri ábyrgð á námi sínu og læra að setja sér markmið í íslensku. Reglulega er áætlunin yfirfarin, staða nemenda metin og ný markmið sett.

Heimanámið verður með öðru sniði en verið hefur. Nemendur þurfa nú að vera með bók til að skrá heimanámið í auk þess sem þeir bera sjálfir ábyrgð á að taka með heim það efni sem þarf að vinna í hvert sinn. Heimanámið er skráð á ákveðna daga og nemendur mega skila vinnunni jafnharðan og henni er lokið. Gott er að dreifa vinnunni jafnt yfir vikuna.

Mikilvægt er að nemendur séu stundvísir, gangi vel um, sýni kurteisi í hvívetna og fari eftir skólareglum. Við viljum biðja ykkur að ræða þessi mál við börn ykkar. Enn fremur er vert að minna á að hollur morgunverður og nesti ásamt góðum nætursvefni er nauðsynleg undirstaða fyrir nám.

Í námsvísinum er fjallað í stuttu máli um námsgreinarnar og helstu áherslur í þeim. Þar sem nafn kennara er ekki sérstaklega tekið fram kenna umsjónarkennarar greinina.

Með von um gott samstarf

Helga, Fjóla, Magga og Sigga

Helga Lyngdal  
Fjóla Birkisdóttir  
Margrét Tómasdóttir  
Sigríður Bjarnadóttir  
Heimasíða skólans:  
Foreldravefur:

[helgal@akmennt.is](mailto:helgal@akmennt.is)  
[margretberg@akmennt.is](mailto:margretberg@akmennt.is)  
[smilla@akmennt.is](mailto:smilla@akmennt.is)  
<http://www.siduskoli.is>  
<http://www.mentor.is>

## Íslenska

#### Ritun

**Aðaláherslur:** Að nemendur hafi gott vald á ítaliúskrift, dragi rétt til stafs og tengi. Unnið verður með uppbyggingu ritunar, setningaskipan og orðalag. Nemendur skrifi út frá eigin reynslu og hugarheimi, skrifi útdrátt úr texta og vinni verkefni tengd ákveðnu lesefni. Í stafsetningu noti þeir stóran og lítinn staf rétt, kunnir ng- og nk- regluna, reglur um einfaldan og tvöfaldan samhljóða og kunnir að nota hjálparorðin minn/mín við -nn og -n reglu.

**Kennsluhættir:** Rifjaðir upp stafdrættir og tengingar ítaliúskriftar og ýmsar æfingar gerðar. Í ritun eru nemendur þjálfaðir í söguuppbyggingu og að gera útdrætti. Þeir læri að skrifa sögur út frá myndum, spurningum, setningum og af eigin reynslu.

**Námsefni:** Skrifarhefti, skrifarstrimlar, *Skinna* (grunnbók) og ýmsar ritunaræfingar. *Mál til komið* (grunnbók og verkefnabók), *Réttitunarorðabók* og verkefni. Í stafsetningu er m.a. unnið með texta nemenda. Auk verkefna frá kennara.

**Heimanám:** Nemendur skrifa í skrifarbók, semja sögur og vinna verkefni.

**Námsmat:** Byggt er á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda í samræmi við markmið og innihald kennslunnar. Símat og reglulegar kannanir eru lagðar fyrir. Vinnusemi og vinnubrögð metin.

Nemendur safna ritunarverkefnum í möppu og velja síðan verkefni úr sem kennari metur sérstaklega.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 tímar.

### **Lestur og bókmenntir**

**Aðaláherslur:** Að nemendur lesi skýrt og geti endursagt lesinn texta bæði munnlega og skriflega. Mikilvægt er að þeir nái upp góðum lestrarhraða, lesi daglega heima og lesi bækur að eigin vali sér til ánægju. Að nemendur flytji ljóð áheyrilega, semji og fari með þau utanbókar, skrifi og myndskreyti. Þeir geti fundið rím, ljóðstafi og takt í ljóði. Unnið verður með túlkun og innihald ljóða.

**Kennsluhættir:** Umræður í tímum um efni sögu og boðskap. Nemendur lesa saman með gagnvirkum lestri og vinna að hugtakakortum. Vinnubók unnin ýmist í einstaklings-, para- eða hópavinnu. Nemendur lesa saman leikrit og setja á svið leikrit.

**Námsefni:** *Undir regnboganum*, *Blákápa*, *Ljóðspor* og ljóðahefti. Verkefni verða unnin samhliða þessu námsefni. Ýmislegt annað lesefni við hæfi hvers og eins.

**Heimanám:** Nemendur lesa sögur, leikrit og ljóð. Læra og æfa flutning ljóða, skrifa og myndskreyta í ljóðabók.

**Uppákomur og heimsóknir:** Dagur íslenskrar tungu.

**Námsmat:** Símat og reglulegar kannanir eru lagðar fyrir. Vinnusemi og vinnubrögð metin.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 3 tímar.

### **Málfræði**

**Aðaláherslur:** Að nemendur raði orðum í rétta stafrófsröð, þekki sérhljóða og samhljóða, finni andheiti og samheiti, þekki sérnöfn og samnöfn. Geri sér grein fyrir samsetningu orða. Þeir greini nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og kyn, tölu og fall nafnorða. Nemendur geti stigbreytt og fallbeygt lýsingarorð og þekki nafnhátt, nútíð og þátíð sagna. Nemendur læri að finna stofn orða og nýta sér þá þekkingu við réttitun.

**Kennsluhættir:** Nemendur gera sínar eigin áætlanir í samræmi við kennara. Hver áætlun varir í tvær vikur. Þegar nemendur hafa lokið við sérhvern málfræðipátt þá gera þeir kannanir sem meta hvort þeir þurfi meiri þjálfun eða geti einbeitt sér að næsta þætti. Kennarar leggja inn ný málfræðiatríði einstaklingslega eða í litlum hópum. Af og til er rifjað upp og ný atríði kennd fyrir allan bekkinn. Reynt er að gera námið að leik og lögd áhersla á munnlega þjálfun. Nemendur fá námsefni við hæfi, þeir vinna eftir sinni námsáætlun, aðstoða hvert annað og leiðrétta vinnu sína saman.

**Námsefni:** *Skinna*, grunnbók og verkefnabók II, *Málrækt 1 og 2*, *Réttitunarorðabók*, kennsluforrit og námsefni af netinu auk ýmissa verkefni frá kennurum.

**Heimanám:** Nemendur fá málfræðiatríði til þjálfunar. Sú vinna er ýmist í formi vinnubóka eða ljósritaðra æfingablaða.

**Námsmat:** Byggt er á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda í samræmi við þau markmið sem sett eru. Símat og reglulegar kannanir. Fylgst er með vinnusemi, vinnubrögðum og frágangi.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 tímar.

### **Talað mál og framsögn**

**Aðaláherslur:** Að nemendur þjálfist í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum. Þeir nái tökum á að flytja mál sitt skýrt, áheyrilega og skipulega frammi fyrir áheyrendum. Nemendur þjálfist í umræðum í hópi, tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og geti rætt við bekkjarfélag sína t.d. þegar þarf að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

**Kennsluhættir:** Umræður, bekkjarfundir, flutningur á texta, sviðsetning, hlutverkaleikir og leikræn tjáning.

**Námsefni:** *Skinna, Ljóðspor* o.fl.

**Heimanám:** Nemendur æfa flutning á texta.

**Uppákomur og heimsóknir:** Árshátíð skólans.

**Námsmat:** Ekki metið sérstaklega.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Fellur inn í aðra þætti íslenskunámsins sem og aðrar námsgreinar.

### **Hlustun og áhorf**

**Aðaláherslur:** Að nemendur þjálfist í að hlusta á og taka þátt í umræðum. Þeir þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum. Einnig þurfa nemendur að geta farið eftir munnlegum fyrirmælum, endursagt efni sem þeir hafa hlustað eða horft á og unnið úr upplýsingum sem þar koma fram.

**Kennsluhættir:** Samþætt við aðra námsþætti íslensku, lífsleikni og samfélagsfræði. Hlustað á talað mál, upplestur, umræður á bekkjarfundum og horft á leikþætti. Lestur ýmissa bóka í nestistímum.

**Námsefni:** *Skinna, Ljóðspor* o.fl.

**Heimanám:** Ekkert.

**Uppákomur og heimsóknir:** Tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, salur, árshátíð skólans.

**Námsmat:** Ekki metið sérstaklega.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Fellur inn í aðra þætti íslenskunámsins sem og aðra þætti skólastarfsins.

## **Stærðfræði**

**Aðaláherslur:** Lögð verður áhersla á að tengja stærðfræðina við daglegt líf nemenda. Nemendur vinni fjölbreytt verkefni sem þjálfra reikniáðgerðir. Markmiðið er að nemendur geti lagt saman og dregið frá fimm stafa tölu, geymt og tekið til láns. Þeir kunni utanbókar margföldunartöfluna upp í 10 sinnum og setji upp og reikni margföldunar- og deilingardæmi. Nemendur þekki rétt, hvasst og gleitt horn, giski á og mæli stærðir horna og teikni samsíða línur. Þeir geti lesið úr hnitakerfi, mælt í millimetrum, sentimetrum og metrum og kunni skil á metrakerfinu. Einnig verður unnið með almenn brot, tugabrot, hliðrun, speglun, rúmmál og flatarmál.

**Kennsluhættir:** Kennari útskýrir viðfangsefni, síðan vinna nemendur einstaklingslega eða í para- eða hópavinnu. Nemendur þurfa að sýna útreikninga og geta rökstutt þá og útskýrt hvernig þeir fara að.

Lögð er áhersla á samvinnu nemenda og að velja upp mögulegum leiðum til lausna. Orðadæmi og þrautir verða fastir liðir í kennslunni og nemendur verða þjálfaðir í notkun vasareikna.

**Námsefni:** *Geisli 1A og 1B, Hringur 1*, Verkefni fyrir *vasareikni*, stjörnuþekurnar *Merkúrís, Venus, Mars, Júpítar*, og ýmis verkefni.

**Heimanám:** Nemendur vinna verkefni í *Geisla*, stjörnuþekum eða öðru efni.

**Uppákomur og heimsóknir:** **Dagur stærðfræðinnar 4. febrúar.**

**Námsmat:** Vinnubækur og vinna í tímum gildir 40%, kannanir og próf 60%.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 6 tímar.

## **Samfélagsgreinar**

### **Saga**

**Aðaláherslur:** Í Íslandssögu verður fjallað um komu norrænna víkinga til Íslands, kristnitökuna og fleira. Nemendur læri um daglegt líf fólks á landnámsöld, húsakynni þess, fatnað og störf. Þeir læri um vopn og átök landnámsmanna og kynnist ferðamáta þeirra.

**Kennsluhættir:** Unnið söguverkefni um landnám Íslands. Byrjað á umræðum um ástæður flutninga og hvernig umhorfs var á landinu við landnám. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, myndverk, vinnubókarverkefni og líkón, ýmist í hópum, þörum eða einstaklingslega.

**Námsefni:** *Á ferð með Leifi heppna* (lesbók og verkefni).

**Heimanám:** Ýmis verkefni unnin eftir þörfum.

**Námsmat:** Sjálfsmat nemenda á hópavinnu, verkefni og vinnubrögð í hópavinnu, krossapróf og vinnubók metin.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Unnið í lotu á vorönn.

### **Landafræði**

**Aðaláherslur:** Í landafræði læri nemendur um Ísland, hverjir eru helstu þéttbýlisstaðir landsins, ár, vötn, firðir og flóar. Nemendur þekki í grófum dráttum hvernig landið hefur mótað. Nemendur læri um helstu orsakir og mögulegar afleiðingar eldvirkni og jarðhræringa á Íslandi.

**Kennsluhættir:** Verkefni verður unnið í þemavinnu, ýmist einstaklings- hópa – eða paravinna. Nemendur stofna ferðaþjónustu, safna upplýsingum um ákveðið landssvæði og skipuleggja ferðir. Nemendur lesa og merkja staði inn á kort. Auk handbóka munu nemendur nota netið til að afla sér upplýsinga og heimilda. Samþætting við aðrar námsgreinar, þar sem því verður við komið.

**Námsefni:** *Ísland – veröld til að njóta*, kortabók og *Auðvitað 1*, heimildir af netinu.

**Heimanám:** Einstaka sinnum þurfa nemendur að undirbúa sig fyrir tíma með því að lesa heima.

**Námsmat:** Leiðbeinandi mat, sjálfsmat nemenda á hópavinnu, krossapróf, verkefni, vinnubrögð og verkefni og vinnubók metin.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Unnið í lotu á haustönn.

## **Kristín fræði, siðfræði, trúarbragðafræði**

**Aðaláherslur:** Nemendur læri „Faðir vor“ og boðorðin tíu. Þeir kynnist lífi og starfi Jesú og viðhorfum Gyðinga til hans. Fjallað verður um helstu trúarhátíðir kristinna manna. Passíúsálmarnir kynntir. Nemendur fræðast um Búddhatrú.

**Kennsluhættir:** Umræður í tímum og lesnar dæmisögur þar sem kristin trú er tengd við daglegt líf. Nemendur munu vinna í hópavinnu. Unnið verður í hópa-, para- og einstaklingsvinnu og lögð áhersla á fjölbreytt vinnubrögð.

**Námsefni:** *Brauð lífsins*, *Búddhatrú – leiðin* og verkefnahefti.

**Uppákomur og heimsóknir:** Farið í kirkju og félagar úr Gídeonfélaginu koma í heimsókn.

**Námsmat:** Verkefni í hópavinnu, krossapróf, vinnubrögð og vinnubók metin.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Unnið í stuttum lotum yfir veturinn.

## **Náttúrufræði og umhverfismennt**

### **Lífvisindi**

**Aðaláherslur:** Að nemendur þekki nokkra flokka dýra s.s. spendýr, fugla og fiska. Þeir þekki lífríki Íslanda og geti nefnt dæmi um íslenska far- og staðfugla. Þeir kynnist fjölbreytni plantna og dýra, fæðukeðjum og áhrifum vinds, vatns, hita og raka á lífríkið.

**Kennsluhættir:** Umræður, verkefnavinna, rannsóknir og vettvangsferðir. Nemendur vinna heimildaverkefni um spendýr. Vinnan er ýmist einstaklings-, para-, eða hópavinna.

**Námsefni:** Valdir kaflar úr *Lífríki á landi* og verkefnablöð.

**Heimanám:** Einstaka sinnum þurfa nemendur að undirbúa sig fyrir tíma með því að lesa heima.

**Uppákomur og heimsóknir:** Vettvangsferð í Kjarnaskóg.

**Námsmat:** Sjálfsmat nemenda á hópavinnu, krossapróf, verkefni, vinnubrögð og vinnubók metin.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Unnið í lotu á haustönn.

### **Jarðvísindi**

**Aðaláherslur:** Nemendur læri um helstu ástæður breytilegs veðurfars á jörðinni.

**Kennsluhættir:** Umræður, hópavinna og rannsóknir. Verkefni úr bókinni unnin í tímum eða heima. Tilraunir gerðar og áhersla er lögð á að nemendur geri skýrslur um tilraunirnar. Nemendur safna verkefnum sínum og skýrslum saman í möppu.

**Námsefni:** *Auðvitað 1* og verkefni.

**Heimanám:** Nemendur lesa heima og vinna verkefni.

**Námsmat:** Verkefni, skýrslur og vinna í tímum gildir 60 % og kannanir 40 %.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Unnið í lotu á vorönn.

### ***Eðlisvísindi***

**Aðaláherslur:** Nemendur læri um eðli rafmagns og hvað ber að varast í umgengni við það. Þeir geri tilraunir með rafmagn og kynni sér eiginleika segla. Nemendur kynnist speglun og ljósbroti og geri tilraunir þar sem notaðar eru linsur og stækkunargler.

**Kennsluhættir:** Umræður, hópavinna, og rannsóknir. Verkefni úr bókinni unnin í tímum eða heima. Lögð verður áhersla á fjölbreytta úrvinnslu, s.s. vinnubók, hugtakakort, glærusýningar (power point) og myndverk. Tilraunir gerðar og áhersla er lögð á að nemendur geri skýrslur um tilraunirnar. Nemendur safna verkefnum og skýrslum saman í möppu.

**Námsefni:** *Auðvitað 1* og verkefni.

**Heimanám:** Nemendur lesa heima og vinna verkefni.

**Námsmat:** Verkefni, skýrslur og vinna í tímum gildir 50 % og kannanir 50 %.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Unnið í lotu á vorönn.

## **Lífsleikni**

**Aðaláherslur:** Unnið verður með samskipti nemenda þar sem lögð verður áhersla á ábyrgð, tillitssemi, kurteisi og umburðarlyndi. Forvarnarverkefni í samvinnu við lögregluna og skólareglur kenndar.

**Kennsluhættir:** Reglulegir bekkjarfundir og hópeflisleikir. Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í umræðum, tjáningu, hlutverkaleikjum og hópavinnu.

**Námsefni:** *Ég er bara ég, Samvera* (hefti um ábyrgð, virðingu og vináttu) og efni frá kennara ásamt skólareglum.

**Uppákomur og heimsóknir:** Farið í heimsókn á lögreglustöðina, lögregluþjónn og forvarnafulltrúi heimsækja bekkinn 5 sinnum. Hjúkrunarfræðingur kemur í heimsókn og verður með fræðslu um næringu og kynþroska.

**Námsmat:** Í lífsleikni kemur námsmat inn í einkunn fyrir hegðun.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 tímar.

## **Erlend tungumál**

### ***Enska***

**Aðaláherslur:** Markmið kennslunnar er að nemendur geti skilið einföld munnleg fyrirmæli og efni á hljómböndum. Þeir lesi og skilji léttan texta og taki þátt í samskiptum í bekknum, geti kynnt sig, heilsað og kvatt. Þeir geti einnig tjáð sig með einföldum setningum og skrifað algeng orð og orðasambönd.

**Kennsluhættir:** Kennarinn talar eins mikla ensku í tímum og kostur er og fær nemendur til þess að nota algeng orð og orðasambönd. Orðaforðinn lagður inn í hverjum kafla og síðan unnið með hann, bæði í rituðu og töluðu máli. Hlustun, leikir, söngur, samtöl og einföld verkefnavinna.

**Námsefni:** *Speak out* (lesbók) og *Work out* (vinnubók), ýmis ljósrít og söngtextar. *Málfræðihefti A*.

**Heimanám:** Nemendur þurfa stundum að ljúka við verkefni heima og á vorönn verða málfræði- og orðaforðaverkefni unnin í heimavinnu.

**Námsmat:** Vinnubók og vinna í tímum gildir 50 %, kannanir og próf 50 %.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 tímar.

**Kennarar:** Hrönn Bessadóttir 5. HL og Sigríður Bjarnadóttir 5. SEB.

## Upplýsinga- og tæknimennt

**Aðaláherslur:** Meginþáttur áfangans er að nemendur læri að umgangast tölvur og öðlist öryggi í vinnu við þær, séu óhræddir við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni. Þeir geti sett upp einföld skjöl í ritvinnslu og noti fingrasetningu rétt. Nemendur læri að leita á Netinu og vinna með upplýsingar sem þeir finna þar og þekki mismunandi hugbúnað og geri sér grein fyrir notagildi hans. Auk þess vinna nemendur verkefni tengd öðrum námsgreinum.

**Kennsluhættir:** Einstaklings- og paravinna. Kennarinn gengur á milli og aðstoðar eftir þörfum. Fingrasetning og hraði er þjálfaður með forritinu Ritfinni.

**Námsefni:** Ljósrituð hefti frá kennara og ýmis forrit, einnig er unnið í fingrasetningarforritinu *Ritfinni*.

**Námsmat:** Sjálfstæði í vinnubrögðum og vinna í tímum gildir 30 %, vélritun 40 % og valin verkefni 30%.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1 tími.

**Kennarar:** 5. HL Elfa Björk Jóhannsdóttir og 5. SEB Jón Magnússon.

## Hönnun og smíði

**Aðaláherslur:** Að nemendur smíði hlut sem nýtir einfalda, lágspenna rafrás með einum rofa. Nemendur læri meðferð viðeigandi lóðbolta og búnaðar sem lýtur að vinnu við rafrásir. Þeir læri um hagnýtingu rafmagns í sínu nánasta umhverfi og þá öryggisþætti sem lúta að notkun rafmagns. Nemendur hanni smjörhníf og læri að taka tillit til þeirra þátta sem hann markast af. Þeir læri grunnþætti við gerð mósaík hluta s.s. að klippa og líma. Nemendur eru hvattir til að vera skapandi í starfi og að þeir átti sig á gildi handverks, tækniþekkingar og hönnunar fyrir daglegt líf. Þeir eiga að halda saman gögnum um útfærslu sinna hugmynda að verkefnum í sýnismöppu.

**Verkefni:** Rafpraut, smjörhnífur og mósaíklutur. Önnur verkefni eru í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

**Kennsluhættir:** Algengast er að sýnikennsla sé notuð þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuáferð er tekin fyrir. Verklegr æfing er stundum í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfar nemendur í að beita verkfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á verkefnum sínum fær hver nemandi leiðsögn og aðstoð eftir þörfum.

**Námsmat:** Símat þar sem lagt er mat á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni, vandvirkni, iðni og afköst. Þessir þættir gilda 40 % á móti verkefnum sem gilda 60 %.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 tímar, hálfan veturinn.

**Kennari:** Gunnlaugur Jóhannsson.

## Íþróttir-líkams og heilsurækt

### Skólasund

**Aðaláherslur:** Nemendur tileinki sér kurteisi, hreinlæti og góða umgengni á sundstað. Áhersla er lögð á að nemendur nái 5. stigi í sundi í vetur. Stefnt er að því að nemendur upplifi skólasund sem jákvæða og skemmtilega námsgrein og umfram allt að nemendum líði vel í vatninu. Nemendur efla skynfæri líkamans og samspil þeirra við útfærslu hreyfinga í vatninu.

**Kennsluhættir:** Leiðbeiningar, sýnikennsla og skýringar af bakka og einnig ofan í laug. Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu í skólasundið. Aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður (sundskýlur og sundbolir) en óheimilt er að nota stuttbuxur (strandbuxur).

**Námsefni:** Bringusunds- og skólabaksundsæfingar, skriðsunds- og baksundsæfingar, kafsund, marvaði, flugsundsæfingar, leikir, boltaleikir, boðsund.

5. sundstigi: 75 m bringusund, 25 m skólabaksund, 25 m skriðsund og troða marvaða í 30 sekúndur.

**Námsmat:** Nemendur taka stöðupróf að vetri og síðan lokapróf úr 5. sundstigi að vori. Færni í prófum gildir 50 % á móti virkni, áhuga og ástundun.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1 tími.

**Kennarar:** Páll Viðar Gíslason, Hansína Gunnarsdóttir og Rainer Jessen.

### ***Skólaíþróttir***

**Aðaláherslur:** Að nemendur tileinki sér góða umgengni, hreinlæti og kurteisi. Auki við kunnáttu í almennum leikfimiæfingum. Efla leikgleði og leikskilning í knattleikjum. Auki við einbeitingu og athygli auk þess að efla kraft, þol, fimi og þrek. Nái tökum á grunnatriðum frjálssra íþróttanna. Stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla þar sem kennari sýnir og kennir nemendum æfingar og leiki og fær nemendur til að sýna. Nemendur vinna mikið í hópum en þó einnig með einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur mega hafa skó til að nota inni. Ef nemendur geta ekki af einhverjum ástæðum verið með í íþróttum eða farið í sturtu verða þeir að hafa miða um það að heiman.

**Námsefni:** Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvaþjálfun, fimleikar, frjálssar íþróttir, styrktaræfingar, jafnvægisæfingar, knattspyrna, körfuknattleikur, handknattleikur, bandý, blak, borðtennis, hnit.

**Námsmat:** Símat á virkni, samskiptum og færni nemanda í tímum. Færni í prófum gildir 50 % á móti virkni, áhuga og ástundun.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 tímar.

**Kennarar:** Rainer Jessen og Páll Viðar Gíslason.

## **Listgreinar**

### ***Myndmennt***

**Aðaláherslur:** Að þroska og þjálfna nemendur svo þeir verði færir um að móta sjálfstæðar hugmyndir í ýmsan og ólíkan efnivið. Að nemendur efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika. Þjálfir ólíkar aðferðir við sköpun og fái innsýn í listasöguna.

**Verkefni:** Umhverfisteikning, mynstur í myndlist, sjálfsmynd, víkingalist, fléttur og klippimyndir. Einnig verða unnin verkefni tengd myndbyggingu, línu og sjónarhorni. Önnur verkefni verða unnin í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla og verkleg vinna nemenda. Kynning á listasögu með bókum, litskygnum og glærum.

**Uppákomur og heimsóknir:** Listasafn Akureyrar.

**Námsmat:** Hvert verkefni er metið fyrir sig og gilda þau 60 % af einkunn. Umgengni, vinnusemi, virkni og hegðun gilda 40 %.

**Námsefni:** *Myndmennt I*, *Myndmennt II*, bækur af bókasafni, Netið, efni frá kennara og fleira.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 tímar.

**Kennari:** Guðný Lára Gunnardóttir.

### ***Textílmennnt***

**Aðaláherslur:** Nemendur læri að þræða undir og yfirtvinna saumavélarinnar, stilla á beinan saum og víxlsaum (sikk-sakk). Þeir læri að nota einfaldar sporgerðir á saumavél til **skreytingar** og frágangs. Nemendur læri að fitja upp á þrjónum og þrjóna garðaprjón og fella af. Lögð er áhersla á sköpunargleði nemanda, góða umgengni og vönduð vinnubrögð. Fjallað verður um vinnslu og eiginleika ýmissa vefjarefna.

**Verkefni:** Nemendur þrjóna lítinn hlut að eigin vali eftir getu og gera vinabönd. Nemendur sauma bakpoka eða púða sem þeir skreyta með myndum og stöfum, það er gert með að klippa eftir sniðum flísefni sem er síðan saumað á pokann í höndum. Önnur verkefni ráðast af tíma og aðstæðum.

**Kennsluhættir:** Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla og verklegar æfingar. Lögð er áhersla á samvinnu auk sjálfstæðra vinnubragða, þannig að hver og einn geti bjargað sér sjálfur t.d. í saumavél.

**Námsmat:** Öll vinna nemenda í kennslustundum er metin sérstaklega. Vægi verkefna er 60 % á móti 40 % þar sem gefið er fyrir umgengni, vinnu og hegðun.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 stundir, hálfan veturinn.

**Kennari:** Guðfinna Sverrisdóttir.

## Dans

**Aðaláherslur:** Að nemendur efli eigin hreyfingu, þekki og skynji hreyfimyndur hópa, svo sem raðir, hringi, skálínur og fylgi öðrum. Nemendur læri einföldustu grunnspor í samkvæmisdönsum og gömlu dönsunum. Þau læri að skynja hrynjanda í tónlist og læri að láta hreyfingu fylgja takti og ná samhæfingu handa og fóta. Nemendur læri að þekkja og nýta sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum þ.e.a.s. bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra og sýna gagnkvæma virðingu.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla fer fram í öllum tímum þar sem kennari sýnir nemendum spor og dansa. Börnin læra að hita upp með ýmsum hreyfingum í takt við tónlist. Í lok hvers tíma fá nemendur að fara í hina ýmsu leiki með tónlistarívafi.

**Dansar:** Cha cha ( Frumspor, ny, hand to hand og spot turn ), Jive ( frumspor og du ), Partí polki (fullorðins aðferð ), Hlöðudans, Vínarkrus í hring, Samba ( frumspor og wisk með sl. skiptingu ), Amerísk Rúmba ( kassi og du ).

**Leikir:** Ásadans, Stoppdans, Töludans.

**Uppákomur og heimsóknir:** Foreldrum er boðið að koma í heimsókn og fylgjast með í lok vorannar.

**Námsmat:** Símat þar sem frammistaða nemenda er metin eftir áhuga og getu og einkunn gefin við annaskipti.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1 tími.

**Kennari:** Jóhanna Elín Halldórsdóttir.

## Tónmennt

**Aðaláherslur:** Mest verður lagt upp úr söng og lög sungin við vísur sem tengjast árstíðunum.

Nemendur læri um takt og leika á einföld ásláttarhljóðfæri. Þeir kynnist tré- og málmblásturshljóðfærum og nokkrum tónskáldum. Nemendur læri einfalda keðjusöngva og læri að spila saman létt lög á ásláttarhljóðfæri.

**Kennsluhættir:** Lögín æfð með textum og einnig notuð ásláttarhljóðfæri.

**Námsefni:** *Tónmennt* 4. og 5. hefti kennslubók. *Skólasöngvar* nemendabók og *Syngjandi skóli*.

**Námsmat:** Frammistaða metin í tímum.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1 tími.

**Kennari:** Gunnar Halldórsson.

## Heimilisfræði

**Aðaláherslur:** Nemendur læri að gæta hreinlætis í meðferð matvæla, í eldhúsi og heimilishaldi almennt. Þeir læri að fara eftir skriflegum fyrirmælum, mæla, vigta og breyta á milli mælieininga. Þá læri þeir um helstu næringarefni fæðunnar og kynnist helstu bakstursaðferðum. Þeir þjálfist í að búa til einfalda rétti.

**Verkefni:** Haustsúpa, fjallabrauð, lummur, fagur fiskur í sjó, piparkökur, pizza, smákökur, ávaxtasalat með vanillusósu, vöffur, eplakaka og frosin freisting, grænmetisbakki, gulrótarbollur, kátar kartöflur, gestaréttur, eggjakaka í ofni, kanelhnútar, muffins, einnig eru unnin skrifleg verkefni í vinnubók.

**Kennsluhættir:** Í byrjun hvers tíma er rætt um hvað á að gera og hvernig. Nemendum skipt í vinnuhópa og þeir fara að vinna. Notuð er verkleg kennsla, sýnikennsla og bókleg kennsla. Kennari gengur á milli nemenda og kennir rétt vinnubrögð og útskýrir nánar eftir getu hvers og eins.

**Námsefni:** *Gott og gagnlegt Heimilisfræði fyrir 5. bekk*.

**Námsmat:** Vinna og hegðun metin eftir hvern tíma og meðaltal þess tekið þegar einkunn er gefin haust eða vor. Vinna og hegðun í tímum gildir 75 % af einkunn og verklegt próf gildir 25 %. Tekið er tillit til mikilla breytinga á hegðun og vinnubrögðum á tímabilinu við matið.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 stundir hálfan veturinn.

**Kennari:** Erna Björg Guðjónsdóttir.